

Alþingi  
Umhverfis og samgöngunefnd  
[nefndasvid@altingi.is](mailto:nefndasvid@altingi.is)

Ísafirði 10. mars 2022

*Umsögn; þingsályktun um kaup á nýrri Breiðaffjarðarferju, 46. mál.*

Málefni ferjunnar Baldurs hafa verið til umfjöllunar um margra ára skeið á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga, enda rekstur hennar einn lykilþátta í samgöngukerfi Vestfjarða til lengri og skemmri tíma litið. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga bendir á að efni þingsályktunar vísar til efnis ályktunar 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga um samgöngumál og þeim hluta ályktunarinnar er fjallar um Ferjuna Baldur sérstaklega.

Ályktanir 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haldið 21. og 22. október 2021 má finna hér; <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/66thing/Haust/samthykktar-alyktanir-uppfaert-66.-fjordungstings-haust-.pdf> en umfjöllun um Ferjuna Baldur í ályktun um samgöngumál, er sem hér segir

Ferjan Baldur er grunnstoð í samgöngum á Vestfjörðum, nú þegar við sjáum fram á heilsárs samgöngur milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða með framkvæmdum á Dynjandisheiði. Fjórðungsþing leggur áherslu á að þar sem núverandi ferja annar ekki eftirspurn miðað við núverandi siglingaráætlun og það sem er enn mikilvægara að tryggja öryggi farþega um borð er nauðsynlegt að endurnýja núverandi ferju. Það er skýr krafa Fjórðungsþingsins að ekki verður unað við þá niðurstöðu Vegagerðarinnar að hagstæðast sé að uppfylla núverandi samning við Sæferðir sem gildir til 31. maí 2022 með möguleika á framlengingu til 31. maí 2023. Það er skýr krafa sveitafélaga á Vestfjörðum að hafin verði strax undirbúningur að því að gera gamla Herjólfu kleift að leggja að bryggju á Brjánslæk og Flatey og að hann hefji siglingar við fyrsta tækifæri og sigli þar til ný ferja getur hafið siglingar. Einnig að við endurbyggingu á ekjubrúm sé miðað við að þær bæði henti Herjólfu og nýrri ferju. Fjórðungsþing leggur einnig ríka áherslu á að lokið verði við gerð viðbragðsáætlunar vegna ferjuslysa á Breiðafirði, sem lagt var til árið 2011 að yrði unnin, en tíðar bilanir og aldur skipsins eru mikið áhyggjuefni er varðar öryggi farþega.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður því að efni þingsályktunarinnar verði samþykkt. Stjórn hefur einnig kynnt sér umsögn orkuskiptaverkefnisins Bláma til umhverfis og samgöngunefndar um mál 46. Tekur stjórn undir þau sjónarmið sem þar koma fram um þau tækifæri sem felst í orkuskiptum með nýsmíði Ferjunnar Baldurs og eflingu ferðaþjónustu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér rétt að veita umsögn um málið á seinni stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri